

# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 376. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 7. desember 2023 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

### Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Tjaldsvæði Snæfellsbæjar: Patrick Roloff, umsjónarmaður tjaldsvæðanna, mætir á fundinn.
- 2) Fjölbrautaskóli Snæfellinga: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, skólameistari, mætir á fundinn.
- 3) Fundargerð 345. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 30. nóvember 2023.
- 4) Fundargerð fræðslunefndar, dags. 31. október 2023.
- 5) Fundargerð 177. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 16. nóvember 2023.
- 6) Fundargerðir ungmennaráðs, dags. 26. október og 27. nóvember 2023.
- 7) Fundargerðir 2. og 3. fundar stýrihóps um heilseflandi samfélag, dags. 22. ágúst og 21. nóv. 2023.
- 8) Fundargerð 18. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 5. desember 2023.
- 9) Fundargerð 145. fundar hafnarstjórnar Snæfellsbæjar, dags. 5. desember 2023.
- 10) Fundargerð 186. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 6. nóvember 2023.
- 11) Fundargerð 177. fundar stjórnar SSV, dags. 3. október 2023,
- 12) Fundargerð 458. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 17. nóvember 2023.
- 13) Fundargerð 937. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 12. nóvember 2023.
- 14) Fundargerð 938. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 24. nóvember 2023.
- 15) Bréf frá Vegagerðinni, dags. 1. desember 2023, varðandi lækkun umferðarhraða á Útnesvegi 574 við Stóra- og Litla-Kamb.
- 16) Bréf frá Matvælaráðuneytinu, dags. 1. desember 2023, varðandi úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2023/2024.
- 17) Reglur um frístundastyrki í Snæfellsbæ.
- 18) Bréf frá bæjarritara, dags. 10. nóvember 2023, varðandi afslátt gatnagerðargjalda.
- 19) Tilnefning aðalmanns í hafnarstjórn.
- 20) Tilnefning varamanns í hafnarstjórn.
- 21) Tilnefning varamanns í öldungaráð.
- 22) Gjaldskrár Snæfellsbæjar fyrir árið 2024.
- 23) Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana fyrir árið 2024. Seinni umræða.
- 24) Þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar fyrir árin 2025-2027.
- 25) Minnispointar bæjarstjóra.

**Snæfellsbæ, 5. desember 2023**  
**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**

345. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 30. nóvember 2023 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

**Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir  
Auður Kjartansdóttir  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæraritari


Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að því búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

- 1) **Bréf frá forstöðumanni Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, dags. 15. nóvember 2023, varðandi drög að reglum um akstursþjónustu sveitarfélaganna.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fresta afgreiðslu málsins en fela bærarstjóra og bærarritara að skoða þær í samvinnu við hin sveitarfélögin sem um ræðir.
- 2) **Kaupsamningur við Þb. Leikklúbbs Hellissands, um kaup Snæfellsbæjar á hlut leikklúbbsins í Snæfellsási 2 á Hellissandi.**  
Bæjarráð samþykkti framlagðan kaupsamning samhljóða.
- 3) **Bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu, dags. 15. nóvember 2023, varðandi endurnýjun á undanþágu frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu.**  
Þetta mál er í vinnslu hjá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.
- 4) **Bréf frá Jafnréttisstofu, dags. 10. nóvember 2023, varðandi ábendingu til sveitarfélaga um mikilvægi kynja- og jafnréttissjónarmiða við stefnumótun og ákvarðanatöku í breytingum á fyrirkomulagi leikskóla.**  
Lagt fram til kynningar.
- 5) **Gjaldskrár Snæfellsbæjar fyrir árið 2024.**  
Bæjarráð telur rétt að fjölga gjalddögum fasteignagjalda úr 8 í 10 á árinu 2024.  
Bæjarráð staðfestir að öðru leyti tillögu að gjaldskrár Snæfellsbæjar fyrir árið 2024 og samþykkti samhljóða að vísa þeim til seinni umræðu í bærarstjórn.
- 6) **Styrkveitingar Snæfellsbæjar á árinu 2024.**  
Bæjarráð staðfestir tillögu að styrkveitingum Snæfellsbæjar fyrir árið 2024 og samþykkti samhljóða að vísa henni til seinni umræðu í bærarstjórn.
- 7) **Tillaga að fjárfestingum Snæfellsbæjar á árinu 2024.**  
Tillaga kom um að hækka framlagið til leikskólans vegna almennra framkvæmda úr 10 millj. í 15 millj.  
Tillagan var samþykkt samhljóða.  
Bæjarráð staðfestir að öðru leyti tillögu að fjárfestingum Snæfellsbæjar fyrir árið 2024 og samþykkti samhljóða að vísa henni til seinni umræðu í bærarstjórn.
- 8) **Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar fyrir árið 2024.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa tillögu að fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2024
- 9) **Þriggja ára áætlun A- og B-hluta stofnana Snæfellsbæjar fyrir árin 2025-2027.**  
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar fyrir árin 2025-2027, og samþykkti samhljóða að vísa tillögunni til samþykktar í bærarstjórn.
- 10) **Minnispunktur bærarstjóra.**
  - a) Bærarstjóri fór yfir raforkumál.
  - b) Bærarstjóri sagði frá stöðunni með Ólafsbraut 23.


Handwritten signatures and initials, including "FS" and "AU".


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:10

  
Jónína Björg Ottarsdóttir

  
Auður Kjartansdóttir

  
Friða Sveinsdóttir

  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri

  
Lilja Ólafardóttir, bæraritari

## **Fræðslunefndarfundur**

31.10.23 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar frá kl. 18:00 -

Fundinn sátu: Sigrún Erla, formaður, Kolbrún Ósk fyrir Margréti Sif, ritari, Dagbjört og Patryk

Hilmar og Kristin Helga komu fyrir hönd grunnskóla Snæfellsbæjar.

Hermína og Linda komu fyrir hönd leikskóla Snæfellsbæjar.

Valentína fyrir hönd tónlistarskóla Snæfellsbæjar.

Kristfríður íprótta og æskulýðsfulltrúi

Fundargerð ritaði: Kolbrún Ósk Pálsdóttir

### **Fundarefni: *Eldhugarnir*; bréf og erindi frá Þorgrími Þráníssyni**

Nefndin og fundarmenn fagna bréfinu og umræðunni sem það skapar.

Í erindi Þorgríms eru taldar upp 30 hugmyndir sem hann mælir með að horfa til varðandi það hvað samfélög og stofnanir geti gert til að stuðla að velferð og þroska barna. Var strax tekið eftir því að það eru mjög margt á listanum sem þegar er unnið eftir innan Snæfellsbæjar.

Menntastofnanir í Snæfellsbæ eru að gera mjög flotta hluti og megum við vera stolt af þeim í þessum málum. Til dæmis er grunskóli Snæfellsbæjar einn af fáum símalausum skólum á landinu. Skólastjórnendur bentu aftur á móti á að það vantar uppá að það sé betra samstarf milli skóla og foreldra þar sem samstaða væri um það að nemendur væru ekki að koma með síma í skólann.

Þorgrímur lýsir áhyggjum sínum á slæman orðaforða barna í dag og þar eru börn í Snæfellsbæ ekki undarskilin. Leik- og grunnskólarnir hér eru meðvitaðir um þá stöðu eru búin að innleiða málstefnu, læsistefnu og orð af orði, sem eru ætluð til að bæta meðal annars orðaforða barna.

Þegar litið var á listann í heild var tekin smá umræða um að óraunhæfar kröfur séu alltof oft settar á kennara og skóla nú til dags, ekki sé hægt að hafa alla þætti þess að komast til manns innan skólaveggja. Líkt og tekið er fram í erindinu þá þarf að styðja við foreldra og fjölskyldur í uppeldishlutverkinu líka.

Það kom upp hugmynd um að bjóða foreldrum og forráðamönnum barna í Snæfellsbæjar uppá fyrirlestra og fræðslu / námskeið tengt t.d foreldrahlutverkinu, síma notkun, samfélagsmiðlum og geðheilsu ungmenna.

Það eru til mjög góð námskeið sem hægt er að bjóða uppá og geta skilað góðum árangri. Vandarmálið hér, eins og á fleiri stöðum, er að þegar það hefur verið boðið uppá slíka fyrirlestra hefur verið mjög dræm þátttaka og mæting.

Það eru dæmi um það að í öðrum sveitafélögum að bæjarfélögin hafi verið að bjóða uppá einhverskonar gulrót fyrir þá sem nýta sér fræðsluna. Til dæmis afslætti á gjöldum, eins og leikskólagjöldum, og er það ósk nefndar að það sé skoðað hvort að Snæfellsbær geti stutt við slík námskeið og haft hvata fyrir fólk að nýta sér fræðsluna.

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 177177. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar**  
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 16. nóvember 2023  
og hófst hann kl. 10:00.

## Fundinn sátu:

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Kristjana Hermannsdóttir, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Hildigunnur Haraldsdóttir, Matthías Páll Gunnarsson og Valgerður Hlín Krstmannsdótti.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Hlín Krstmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

## Dagskrá:

1. **Klettsbúð 7A og 9\_Lýsing og matslýsing vegna umsóknar um deiliskipulag - 2311003**

Pétur Bolli Jóhannesson sendir inn fyrir hönd Þingvangs ehf. skipulags- og matslýsingu og tillögu að deiliskipulagi vegna stækkunar hótelsins við Klettsbúð 7A - 9 til skoðunar og yfirferðar.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að lóðir nr. 7A og 9 við Klettsbúð verði sameinaðar þannig að til verði 4.396 fm lóð. Þá er miðað við í tillögunni að núverandi bygging hækki um eina hæð og verði því þrjár hæðir. Norðan við núverandi byggingu er nýr byggingarreitur en hann er áætlaður 2.050 fm að samanlögðum gólfleti á tveimur hæðum með möguleika á þriðju hæðinni síðar.

Áætlað er að gistrýmum muni fjölga úr 20 í 92 gistirými.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að beina lýsingu og matslýsingu vegna nýs deiliskipulags að Klettsbúð 7a og 9 á Hellissandi í kynningu í samræmi við 1 mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tekið skal fram að ekki verður unnt að byggja þriðju hæð á nýbyggingu nema að litlu leiti vegna nýtingarhlutfalls í gildandi aðalskipulagi.*

*Samþykkt*

2. **Gamli Kaupstaður\_Umsókn um breytingu deiliskipulags - 2311001**

Arnaldur Schram sækir fyrir hönd landeiganda um beiðni til að hefja deiliskipulagsbreytingu að Gamla Kaupstað.

Eriðið var tekið inn með afbrigðum á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar þann 2. nóvember 2023 og frestað til þessa fundar.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd telur ekki ástæðu til að breyta nýsamþykktu deiliskipulagi sem er í fullu samræmi við gildandi aðalskipulag Snæfellsbæjar.*

*Hafnað*

Mik  
HHA  
1 H. Hau.  
MPC  
777

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

### 3. Óveruleg breyting aðalskipulags á Öxl - 2311006

Tillaga kynnt að óverulegri breytingu aðalskipulags á Öxl. Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir verslun- og þjónustu (VP-27 og VP-28), gisting með starfsleyfi, í landi Axlar. Í breytingunni felst að hluta landsvæðis sem fellur undir landnotkunina landbúnaðarsvæði er breytt í verslunar- og þjónustu, merkt VP-28. Stærð verslunar og þjónustu innan jarðarinnar stækkar því úr 2 ha í 3 ha. Innan VP-28a er gert ráð fyrir jógasetri og gistingu. Byggingar verði 800 fm að samanlögðum brúttó grunnfleti, 1 - 2 hæða og falli vel að landi.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að beina tillögu að óverulegri breytingu aðalskipulags til Skipulagsstofnunar í samræmi við 2 mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Málið verði einnig kynnt fyrir Umhverfisstofnun.*

*Samþykkt*

### 4. Melur\_Umsókn um skráningu nýrrar landeignar úr landi Mels - 2311009

Sigurbjartur Loftsson sækir fyrir hönd Sjávarfoss ehf um skráningu nýrrar landeignar úr Mel L219078. Sjá meðfylgjandi uppdrátt.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að stofna landeign innan marka Snæfellsbæjar úr Mel.*

*Misræmi á sveitarfélagamörkum Snæfellsbæjar og Eyja- og Miklaholtshrepps gerir það að verkum að lóðin þarf að takmarkast að þeim sveitarfélagamörkum sem liggja vestar á hverju svæði. Gögn frá umsækjanda eru byggð á lóðarmörkum lóða sem teiknaðar voru 2007 og voru samþykktar af Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti 23. október 2010 með fyrirvara um að með staðfestingu þessari sé ekki verið að staðfesta ytri merki jarðarinnar við aðliggjandi jarðir. Skikinn sem þar er stofnaður virðist liggja yfir sveitarfélagamörk. Umhverfis- og skipulagsnefnd felst ekki á hugmyndir landeiganda um að færa skikann yfir í Eyja- og Miklaholtshrepp. Samræming sveitarfélagamarka er langtímaverkefni sem vinnst í samráði allra aðlægra sveitarfélaga og Landmælinga Íslands en ekki á vegum eins landeiganda. Sveitarfélögum verður ekki gert nema með breytingu laga eða ráðherraleyfi.*

*Í vinnslu*

### 5. Fosshótel Hellnar, Brekkubæ - Umsókn um byggingarleyfi vegna innahússbreytinga - 2311005

Helga Lund sækir fyrir hönd Íslandshótel hf. um byggingarleyfi fyrir innahússbreytingum á Fosshótel Hellnum, Brekkubæ og gera þar aðstöðu fyrir starfsfólk. Í matshlutanum eru 8 gistirými með séringangi til norðurs og austurs en sá hluti helst óbreyttur. Breytingarnar felast í því að bætt verður við 7 herbergjum með svefnaðstöðu fyrir 14 manns, þvottaaðstöðu, 3 sturtum, 3 salernum og sameiginlegu rými sem samanstendur af eldhúsi og setustofu fyrir starfsmenn. Þær útlitsbreytingar sem fylgja framkvæmdinni eru að hurð verður bætt við í suður og þakglugga bætt við fyrir eitt svefnherbergjanna.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að framkvæmdir hefjist ekki fyrr en undirritaður hefur verið samningur og tímaáætlun vegna vatnsveitu á Hellnum.*

*Samþykkt*

Handwritten notes and signatures in the bottom right corner of the page, including the number "2" and the name "M. H. MPR".

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

6. **Lýsuhólsskóli - Umsókn um byggingarleyfi fyrir 250 fm viðbyggingu - 2311007**  
Snæfellsbær sækir um byggingarleyfi fyrir 250 fm viðbyggingu við Lýsuhólsskóla. Viðbyggingin skiptist í fjórar kennslustofur, gang og tengibyggingu við núverandi skóla.  
*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um uppfyllt skilyrði byggingarreglugerðar.*  
*Samþykkt*
7. **Grundarbraut 8 - Umsókn um byggingarleyfi fyrir breytingum á útitröppum, inngangi og gluggum - 2201003**  
Eigandi Grundarbrautar 8 óskar eftir að gera breytingar á áður samþykktum aðaluppdrætti vegna stækkunar hússins.  
*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að leiðrétum teikningum ásamt áður umbeðnum gögnum verði skilað inn áður en byggingarleyfi verður gefið út.*  
*Samþykkt*
8. **Laugarbrekka\_Umsókn um stöðuleyfi fyrir tveimur húsum - 2311004**  
Sigurjón Sighvatsson sækir fyrir hönd SJ fasteignafélags ehf um stöðuleyfi fyrir tveimur 6 fm smáhúsum í landi Laugarbrekku til einkanota. Sjá staðsetningu í fylgiskjali.  
*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að framkvæmdir hefjist ekki fyrr en undirritaður hefur verið samningur og tímaáætlun vegna nýrrar vatnsveitu á Hellnum. Húsin verði ekki tekin í notkun fyrr en ný vatnsveita tryggja nægjanlegt slökkvivatn.*  
*Samþykkt*
9. **Fyrirspurn vegna fjallaskála við Jökulháls - 2311008**  
Ægir Þór Þórsson sendir inn fyrirspurn fyrir hönd Summit Adventure Guides ehf. vegna hugmyndar um að reisa fjallaskála við Jökulháls. Ægir Þór kemur inn á fund til þess að kynna hugmyndina fyrir nefndinni.  
*Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í hugmynd um fjallaskála og felur skipulagsfulltrúa að hefja samtal við Umhverfisstofnun.*  
*Jákvætt*
10. **Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2023 - 2302015**  
- Geirakot\_Stofnun þriggja lóða úr landi Geirakots kynnt  
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir stofnun lóða fyrir sitt leyti með fyrirvara um gildi þinglýstra eldri samninga og samþykki allra lóðarhafa og landeigenda á svæðinu.  
- Grundarbraut 24\_Smáhýsi við lóðarmörk og gluggaskipti án leyfis  
Umhverfis- og skipulagsnefnd felur tæknideild Snæfellsbæjar að hafa samband við viðkomandi.

Mild  
HAG  
H. Hau  
MPE 3

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:45.

Krishna Hasmann

Fleiri Ten Jara

Hallgrímur Hórn

Hadiqunn Haukdsól.

Halldór F. L.

Matthías Póll Gunnarsson

## Ungmennaráðsfundur

Fundur haldinn í ungmennaráði, 26. október 2023, kl. 19:30

Á fundinum voru mættir: Eyþór Júlíus Hlynson, Hanna Imgront, Etienne Kapanke, og Kristfríður Rós Stefánsdóttir, íþróttar og æskulýðsfulltrúi.

Það var rætt um, Halloween á vegum menningarnefndar

- Andlitsmáling á sunnudaginn 29.okt.
- Klukkan 16:00-18:00

Rætt var um, skipulaggingu á fjáröflun (rætt frekar innbyrðis)

Styrkur til dvalarheimilisins Jaðar í formi gjafar.

- Í desember verður farið í Jaðarog lesið sögu og haft tónlistaratriði.
- Styrkurinn mun einnig fara til félagsmiðstöðvar og ungmenni.

Í desember verður breyting á Ungmennaráðinu.

- Það eru einhverjir sem eru að fara að hætta.
- Það eru nokkrir aðilar búnir að bjóða sig fram.

Bráðum verða samtökin 78 með fyrirlestur og þar ætlum við að sýna lit.

Það er verið að skipuleggja að hafa kynningu um ungmennaráðið okkar fyrir grunnskólann eins og við gerðum áður.

Fundi slitið.

### Undirritað

Eyþór

Hanna

Etienne

Stefanía

Kristfríður

## Ungmennaráðsfundur

Fundur haldinn í ungmennaráði, 27. Nóvember kl.21:00

Á fundinum voru mættir: Eypór Júlíus Hlynson, Hanna Imgront, Etienne Kapanke, Stefanía Klara Jóhannsdóttir, Gunnlaugur Páll Einarsson og Kristfríður Rós Stefánsdóttir, íþróttá og æskulýðsfulltrúi.

Það var rætt um jólaskemmtun og heimsókn á Dvalarheimilið Jaðar.

- Boðið verður upp á heitt kakó, lagtertú og smákökur.
- Jólásögur verða lesnar.
- Jólalög sungin af Hönnu og Stefanía spilar undir.
- Miðvikudaginn 20.12 kl.15:30.

Fjáröflun

- Kökubasar í Þín Verslun, kassanum laugrdaginn 02.12

Taka á mótí ungmennaráðinu frá Livorno, Ítalíu í byrjun janúar.

- Skípuleggja dagskrá og heyrja í þeim fyrirtækjum sem vilja taka þátt.

Fundi slitið.

**Undirritað**

Eypór

Hanna

Etienne

Stefanía

Kristfríður

## Heilsueflandi samfélag

2. fundur – 22. ágúst 2023 kl 19.00 í íþróttahúsi Snæfellsbæjar

Fundarmenn: Hermína K. Lárusdóttir  
Alma Björk Clausen  
Eiríkur Böðvar Rúnarsson  
Gunnhildur Kristný Hafsteinsdóttir  
Jóhanna Jóhannesdóttir  
Kristfríður Rós Stefánsdóttir (Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi)

Formaður setti fundinn.

1. Nefndin þarf að setja upp áætlun, markmið og hvað við stöndum fyrir. Kristfríður ætlar að byrja á þeirri vinnu með það sem rætt var á fundinum til hliðsjónar.
2. Hugmyndavinna fyrir heilsuviku Evrópu. Margar góðar hugmyndir komu fram á fundinum sem Kristfríður mun taka inn í skipulagninguna á heilsuvikunni. Í ár verður samstarf á milli sveitarfélaganna á norðanverðu nesinu þegar kemur að fyrirlestrum. Fáum þannig fleiri fyrirlestra og deilum kostnaði.
3. Umræða um forvarnir og fyrirlestra tengt því.

Fundi slitið kl 20.00

## Heilsueflandi samfélag

3. fundur – 21. nóvember 2023 kl 19.00 í íþróttahúsi Snæfellsbæjar

Fundarmenn: Hermína K. Lárusdóttir  
Alma Björk Clausen  
Eiríkur Böðvar Rúnarsson  
Gunnhildur Kristný Hafsteinsdóttir  
Jóhanna Jóhannesdóttir  
Kristfríður Rós Stefánsdóttir (Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi)

Formaður setti fundinn.

1. Lýðheilsuvísir 2023. Nefndin rýndi í gögnin. Einmanaleiki hjá ungu fólki á vesturlandi var áberandi og ræddi nefndin hvað væri hægt að gera til þess að ná til hópsins. Það kom hugmynd á fundinum að útbúa bækling með afþreyingu, félögum, íþróttum og öðru sem einstaklingar geta tekið þátt í í Snæfellsbæ. Nefndin myndi svo afhenda heilsugæslunni bæklinginn og þau gætu látið fólk sem þangað leitar fá bæklinginn þegar grunur er um einangrun eða einmanaleika. Einnig var rætt um mikilvægi þess að hafa svona upplýsingar aðgengilegar svo að fólk viti hvað sé í boði í sveitarfélaginu.
2. Kristfríður ætlar að klára markmiðin fyrir 2024 svo að þau séu skýr fyrir komandi ár.
3. Umræða skapaðist á fundinum um hversu vel stofnanir og fyrirtæki í samfélaginu eru að standa sig í heilsueflingu. Nefndinni fannst vanta vettvang þar sem sú vinna er kynnt og munum við prófa að vera með greinar í næstu útgáfum Jökuls og upplýsa um heilsueflingu í Snæfellsbæ.

Fundi slitið kl 20.00

**18. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 5. desember 2023 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.**

Mætt: Kristinn Jónasson, Vagn Ingólfsson, Matthías Páll Gunnarsson, Ævar Sveinsson, Björn Arnaldsson, Baldvin Leifur Ívarsson og Ragnar Mar Ragnarsson. Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð.

**1) Björn fór yfir framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:**

- a) Framkvæmdir við þekju og lagnir á Norðurtanga í Ólafsvík halda áfram. Búið er að setja upp lýsingu og verið er að undirbúa uppsetningu á búnaði vegna öryggismála.
- b) Endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík halda áfram, framkvæmdum utan húss er að mestu lokið. Unnið er við undirbúningu vegna steypu á bílplani.
- c) Vinna við dýpkunarframkvæmdir í innsiglingunni til Rifshafnar er stopp eins og áður hefur komið fram. Rætt hefur verið við Vegagerðina og verktakann og er stefnt að því að hann komi í apríl 2024 og klári verkið þá.
- d) Framkvæmdir við stækkun og hækkun á Trébryggju við Norðurtanga í Ólafsvík halda áfram. Búið er að rífa hluta af núverandi bryggju og hækka. Verið er að ljúka við rekstur á staurum.
- e) Framkvæmdum við sjónvörn við Ólafsbraut er að mestu lokið, búið er að lengja ræsi við Hvalsá og eftir er að raða grjóti á því svæði. Þá er byrjað á lokafrágangi innan við garðinn.
- f) Búið er að setja upp ljósastaura og þökuleggja við bílastæðið fyrir ofan höfnina á Arnarstapa. Lokafrágangur er eftir.
- g) Búið er að laga kantstein og steypuskemmdir á veginum niður að höfninni á Arnarstapa. Framkvæmdum lokið.

**2) Ævar fór yfir framkvæmdir á vegum Áhaldahússins:**

- a. Lagaður leki á vatnslögn við Útnesveg að tjaldstæði.
- b. Endurnýjuð vatnslögn og lögð skólplögn við Munaðarhól 16.
- c. Gengið frá á Gufuskálum eftir þakvinnuna.
- d. Grafið nýtt vatnsinntak við Grundarbraut 13.
- e. Skólpi breytt við nýjan grunn við Hellisbraut á Hellissandi.
- f. Unnið við og sett upp jólatré og jólaskreytingar. Það tekur mikinn tíma á þessum árstíma.
- g. Snúningar við nýbyggingu á Lýsuhóli, náð í efni o.fl.
- h. Steypt gangstétt meðfram Ólafsbraut 23.
- i. Það er búið að parketleggja og ganga frá smærri framkvæmdum á Ólafsbraut 23.

**3) Leifur fór yfir ýmsar framkvæmdir:**

- a. Engihlíð 16d var máluð og gerð tilbúin til útleigu.
- b. Unnið að endurbótum á Vallholti 19, 1hh.
- c. Máluð loft í bókasafninu í Ólafsvík. Sigurjón rafvirki mun setja ný ljós upp þar sem eldri ljós voru orðin hættuleg.
- d. Settar upp innréttingar í leikskólanum Kríubóli. Lýsing lagfærð, gert við og málað eftir gluggaskipti.
- e. Ýmislegt smávægilegt lagað á Jaðri, leikskólahúsnæðum og íbúðum samkvæmt beiðnum.
- f. Búið er að laga hitavandamál í íbúðinni í Engihlíð 16e og verið að yfirfara sömu vandamál í Engihlíð 16c og 16d.

**4) Vagn fór yfir framkvæmir í skólamanvirkjum:**

**Grunnskólahúsnæðið í Ólafsvík**

- a) Kjallarin var allur þrífinn, Lionsmenn í Ólafsvík hjálpuðu til við það. Allt lauslegt var fjarlæggt og rakaryksuga hefur verið í gangi undanfarið. Það fer allt að verða þurrt. Búið er að setja upp ljós og endurnýja útsogsblásarann. Pípararnir eru byrjaðir að setja upp festingar fyrir lagnir og búnir að taka niður eitthvað af aflögðum lögnum. Til að laga alveg þarf að taka vatnið af í 2 daga og verður það gert þegar jólafrí byrjar í skólanum.
- b) Málningarvinna hefur verið í gangi. Búinn með nánast alla efri hæðina í gamla skólanum og kominn niður.
- c) Annað sem til fellur á þessum árstíma.

**Grunnskólahúsnæðið á Hellissandi**

- d) Þeir sem sáu um endurnýjun á þakdúknum komu og fjölguðu öndunarventlum.
- e) Kjörfuboltakjörfurnar voru endurnýjaðar.
- f) Gluggarnir sem eftir voru eru komnir og verið er að finna tíma til að fá menn til að setja þá í. Það verður að spilast aðeins eftir veðri.

**5) Matthías fór yfir framkvæmdir við íþróttamannvirki og slökkvilið:**

**Sundlaug Ólafsvík.**

- a. Lagað ljós uppi í sundlaugarsalnum. Þarf að endurnýja fleiri ljós.
- b. Skipt út sápuskömmturum í kvennaklefa.
- c. Frágangur í sundlaugarkjallara. Lagnir vegna rennibrautar eru alveg að verða tilbúnar.
- d. Öll ljós í líkamsræktaraðstöðunni voru löguð.

Vagn  
RR  
Onæ  
SA  
MP  
H

- e. Öllum hitamælum vegna varmaskipta í sundlauginni var skipt út.
- f. Búið er að ganga frá rörum sem ekki er hægt að skila. Verða þau notuð í annað.
- g. Settir upp snagar í kringum infrarauðu klefana.
- h. Skipt var um magnara í hljóðkerfinu í sundlauginni.

### **Íþróttahús Ólafsvík**

- a) Búið að fara yfir hitakerfið og loftræstikerfið fyrir veturinn.
- b) Farið yfir brunaviðvörðunarkerfið.

### **Fótboltavöllur Ólafsvík**

- a) Búið er að laga snjótönnina á fjórhjólínu.
- b) Enn er eftir að laga biluðu ljósín í ljóskösturinum. Erfiðlega gengur að fá svör frá framleiðandanum.
- c) Einu ónýtu marki var hent. Það var orðið hættulegt.

### **Slökkvistöð**

- a) Scania bifreiðin fór í viðgerð fyrir sunnan þar sem eldsneytiskerfið var bilað. Sett í hann tetrastöð og ljósamastrið var lagað í leiðinni.
- b) Verið er að endurnýja og laga brunaviðvörðunarkerfi í stofnunum Snæfellsbæjar. Lýsuhóll er búinn og líka grunnskólinn á Hellissandi, íþróttahúsið, Pakkhúsið, Klif og Jaðar en þar er allt endurnýjað nema bjöllukerfið sem er ekki komið á tíma. Það sem eftir er er skólinn í Ólafsvík, bókasafnið, Röstin og sundlaugin. Verður reynt að ljúka því í desember.

### **Annað**

- a) Búið er að vera að persónuverndarvæða tölvukerfið í grunnskólanum. Stefnt er að því að slökkva á servernum í skólanum þegar þetta er búið.
- b) Ein tölva var sett upp fyrir Jaðar.

### **6) Ragnar fór yfir nokkra punkta:**


- a) Unnið er því að fara yfir skráningar á fasteignum í sveitarfélaginu s.s yfirferð á bst., skráningu nýrra lóða, ofl.
- b) Nokkur skipulagsmál eru í vinnslu m.a aðalskipulagsbreyting, auglýsing á deiliskipulagi og tillögugerð af nýju deiliskipulagi fyrir íbúðabyggð í Ólafsvík
- c) Nokkrir eldri lóðaleigusamingar hafa verið endurnýjaðir ásamt því að útbúa nýja samninga.
- d) Hafin er vinna við að fjölga umsóknaeyðublöðum fyrir íbúagáttina sem er á heimasíðu bæjarins t.d fyrir yfirferð eignaskiptasamninga, skipulagsmál, stöðuleyfi, byggingarmál ofl. Markmiðið er að í upphafi nýs árs verði eingöngu hægt að senda erindi eða fyrirspurn inn til tæknideildar með rafrænum hætti í gegnum íbúagátt.

Vagn  
RR  
MPC

- e) Það er verið að skanna inn nýjar teikningar og setja inn á kortavef sem er aðgengilegur öllum á heimasíðu bæjarins.
- f) Verið að endurskoða gjaldskrá fyrir skipulags og byggingarmál
- g) Það verða innleidd ný byggingarstig hjá HMS nú um áramótin. Þeim verður fækkað úr 7 í 4. Það þarf því að yfirfara einhver gögn hjá okkur í framhaldinu.
- h) Verið er að bíða eftir endanlegum úrskurði Umhverfis- og auðlindarnefndar vegna skipulags í Krossavík eftir að bærinn sendi nefndinni umbedin gögn.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 9. janúar kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:38



~~Þórunn Þorvaldsson.~~

Matthías Páll Gunnarsson.

Óræð Leirne

Baldur & Jón

~~Rita Ás~~

~~Ólafur Ólafsson~~

Vagn Ingólfsson

Fullgild rafraun undirskrift  
**ÞORSTEINN NARFASON**  
Kennitala: 200166-5069  
2023-11-07 12:55:39 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraun undirskrift  
**TRAUСТИ GYLFASON**  
Kennitala: 200964-4949  
2023-11-07 13:59:34 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraun undirskrift  
**KRISTINN HALLUR SVEINSSON**  
Kennitala: 210577-5979  
2023-11-07 13:11:24 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraun undirskrift  
**SIGRÚN ÓLAFSDÓTTIR**  
Kennitala: 220465-5009  
2023-11-07 14:32:34 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraun undirskrift  
**AUÐUR KJARTANSDÓTTIR**  
Kennitala: 230891-2309  
2023-11-07 13:30:16 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraun undirskrift  
**BIRKIR SNÆR GUÐLAUGSSON**  
Kennitala: 261087-3599  
2023-11-07 14:50:57 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraun undirskrift  
**GARÐAR FREYR VILHJÁLMSÓN**  
Kennitala: 170290-2759  
2023-11-07 13:51:00 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraun undirskrift  
**BJARNI SIGURBJÖRNSSON**  
Kennitala: 021262-3079  
2023-11-07 16:11:04 GMT  
Ástæða: Undirskrift



## Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

### 186. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var haldinn á Teams, mánudaginn 6. nóvember 2023 og hófst hann kl. 16:00.

Boðaðir : Kristinn Hallur Sveinsson, Auður Kjartansdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Birkir Snær Guðlaugsson, Bjarni Sigurbjörnsson, Garðar Freyr Vilhjálmsson og Trausti Gylfason.

Forföll: Sigurhanna Ágústa Einarsdóttir og Skúli Hreinn Guðbjörnsson

#### Dagskrá

1. Lífland Kornmylla á Grundartanga

Erindi Líflands dagsett 31. ágúst 2023 þar sem óskað er eftir að heilbrigðisnefnd taki upp fyrri ákvörðun um að ekki sé unnt að afgreiða starfleyfi fyrir nýja hveitimyllu á Grundartanga vegna nálægðar við mengandi starfsemi. Málið var síðast á dagskrá nefndarinnar **9. október 2023**. Starfsfólk Líflands kynnti sjónarmið Líflands fyrir fundarmönnum og lögð voru fram ýmis gögn því þessu tengd.

*Nefndin þakkar forsvarsmönnum Líflands fyrir kynninguna. Framkvæmdastjóra falið að afla frekari gagna í samræmi við umræður á fundinum.*

2. Skýrsla starfshóps til að móta tillögur um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum

Skýrslan var lögð fram. Málinu var frestað til næsta fundar.

3. Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndarinnar

3.1 Þórunn Elva Þórðardóttir f.h. Daladekurs Vesturbraut 8 í Búðardal sækir um breytingar á starfsleyfi þar sem við starfsemi snyrtistofunnar bætast fótaaðgerðir. Leyfið gildir til 15. mars 2031.

3.2 Hótel b59 ehf. sækir um starfsleyfi til reksturs hótels á Borgarbraut 59 í Borgarnesi. Leyfi var gefið út 11. október 2023 og gildir í 12 ár.

3.3 Hlynur Klemenzson sækir um handfhabreytingu á starfsleyfi fyrir vatnsveitu vegna mjólkurframléiðslu á Dýrastöðum í Borgarbyggð. Leyfi gefið út 13. október 2023 og er ótímabundið.

3.4 Caroline Langhein sækir um starfsleyfi fyrir gististað á Helgugötu 7 í Borgarnesi. Gestafjöldi er 5 dvalargestir. Leyfi gefið út 16. október 2023 og gildir í 12 ár.

3.5 Benedikt Efraim Elvarsson sækir um leyfi til reksturs gististaðar á Skólasetursvegi 6 í Hvalfjarðarsveit. Gestafjöldi er 4. Leyfi gefið út 19. október 2023 og gildir í 12 ár.

3.6 SamaMar ehf. sækir um leyfi til reksturs matsölastaðar á Þvervegi 2, í Stykkishólmi vegna veitingastaðarins Skipper. Gestafjöldi er 30 innandyra og á útisvæði 20 gestir. Leyfi gefið út 3. nóvember 2023 og er ótímabundið.

*Lagt fram.*

4. Tóbakssöluleyfi.  
Krummafótur ehf. sækir um endurnýjað leyfi fyrir tóbakssölu á veitingastaðnum Skúrnum, Aðalgötu 25, Stykkishólmi. Leyfið gildir frá 9. október 2023 í fjögur ár.  
*Lagt fram.*
5. Umsagnir til sýslumanns  
Umsagnir til sýslumanns rekstrarleyfi
- 5.1 Vilhjálmur Gíslason sækir um endurnýjað leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, minna gistiheimili, að Ferstiklu 2, Hvalfjarðarsveit. Gestafjöldi er 5 gestir. Jákvæð umsögn send 10. október 2023.
- 5.2 Hótel B59 ehf. sækir um leyfi til reksturs gististaðar í flokki IV, hótel, að Borgarbraut 59, í Borgarnesi. Gestafjöldi er 192 dvalargestir. Jákvæð umsögn send 13. október 2023.
- 5.3 Caroline Langhein sækir um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, minna gistiheimili, á Helgugötu 7 í Borgarnesi. Gestafjöldi er 5 dvalargestir. Jákvæð umsögn send 16. október 2023.
- 5.4 Alex elskar mömmu ehf. sækir um rekstrarleyfi til reksturs á Hjallabrekku 1, í Skeljabrekku Landi Borgarbyggð. Gestafjöldi 3 dvalargestir. Neikvæð umsögn send 17. október 2023 þar sem ekki hefur borist formleg staðfesting á að starfsemin samræmist skipulagi á svæðinu.
- 5.5 Benedikt Efraim Elvarsson sækir um rekstrarleyfi fyrir gististað á Skólasetursvegi 6 í Hvalfjarðarsveit. Jákvæð umsögn send 19. október 2023.
- 5.6 SamaMar ehf. sækir um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki III, veitingahús, á Þvervegi 2 í Stykkishólmi. Heiti veitingastaðar er Skipper. Gestafjöldi er 30 gestir innandyrna og 20 á útisvæði. Jákvæð umsögn send 3. nóvember 2023.

#### Umsagnir til sýslumanns tækifærisleyfi

- 5.7 Karl Birgir Örvarsson sækir um tækifærisleyfi vegna Sviðaveislu og dansleikjar í íþróttahúsiinu á Laugum Sælingsdal, Dalabyggð, þann 27. október 2023. Áætlaður gestafjöldi er 250 gestir. Jákvæð umsögn veitt 25. október 2023.
- 5.8 Lighthouse Restaurant ehf. Kirkjubraut 8 Akranesi, sækir um tækifærisleyfi og tímabundið áfengisleyfi fyrir skemmtun; Heimaskagi – Tónlistarhátíð 27. október til 29. október 2023. Gestafjöldi 150 gestir. Jákvæð umsögn send 27. október 2023.

*Lagt fram.*

#### Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál

##### Borgarbyggð

- 5.9 Umsagnarbeiðni vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi leikskólalóðar og einbýlishúsalóða í Bjargslandi. Umsögn veitt 8. september 2023.
- 5.10 Umsagnarbeiðni um breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, vegna verslunar- og þjónustusvæðis í landi Signýjarstaða. Umsögn veitt 20. október 2023.
- 5.11 Umsagnarbeiðni um lýsingu á fyrirhuguðum breytingum á deiliskipulagi við Langárbyrgi við Langá, Borgarbyggð. Umsögn veitt 23. október 2023.
- 5.12 Umsagnarbeiðni um vinnslutillögu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 - 2022 vegna breytingar þjóðvegi 1 og stækkunar á íbúðarsvæði. Umsögn veitt 23. október 2023.

#### Dalabyggð.

- 5.13 Umsagnarbeiðni vegna verkefnalýsingar fyrir skógræktaráform í landi Ljárskóga Dalabyggð. Umsögn heilbrigðiseftirlits send 20. október 2023.

#### Akranes.

- 5.14 Umsagnarbeiðni um lýsingu á breytingu á deiliskipulagi á Dalbrautarreit – norðurhluti. Umsögn send 30. október 2023.

*Lagt fram.*

6. Starfsemi sem hefur fengið staðfesta skráningu skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- 6.1 Mjólkursamsalan ehf. Flutningur úrgangs/asbets úr gömlu ketilhúsi í Búðardal. Skráð 9. október 2023.. Auðkenni skráningar 366034.
- 6.2 Steypustöðin ehf, Engjaási 1 og 2 Borgarnesi. Steypueiningarverksmiðja – steypustöð. Skráð 5. október 2023. Auðkenni skráningar 359759.
- 6.3 Hildur Ingólfssdóttir. Kírópraktor Kirkjubraut 28 á Akranesi. Skráð 19. október 2023. Auðkenni skráningar. 367201.

*Lagt fram.*

#### 7. Önnur mál

- 7.1 Kynnt að Aðalbjörg Aðalbjörnsdóttir hefur verið ráðin í starf heilbrigðisfulltrúa í stað Árna Gunnarssonar sem hefur sagt upp störfum.
- 7.2 Aðalfundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi var haldinn þann 31. október 2023. Formaður og framkvæmdastjóri sóttu fundinn.
- 7.3 Árlegur haustfundur heilbrigðiseftirlitssvæða var haldinn daganna 31. október til 1. nóvember 2023 og tók starfsfólk Heilbrigðiseftirlits Vesturlands þátt í fundinum.

Fundi slitið 17.45



## 177 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, þriðjudaginn 3. október kl.17:00 á Fosshótel, Reykholti. Mætt voru; Guðveig Eyglóardóttir, Líf Lárusdóttir, Ragnar Sæmundsson, Elín Gunnarsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Jósef Kjartansson, Júníana Óttarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen. Hrafnhildur Hallvarðsdóttir sat fundinn í forföllum Jakobs B. Jakobssonar. Auk þess sat Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV fundinn og ritaði fundargerð.

Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV, setti fund kl.17:00

### 1. Fundargerð frá 176 fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 176 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

### 2. Öldrunarþjónusta á Vesturlandi

SSV sendi inn umsókn f.h. sveitarfélaga, HVE og hjúkrunarheimila á Vesturlandi í verkefnið Gott að eldast um samþættingu í öldrunarþjónustu. Niðurstaða varðandi val á þátttakendum liggur fyrir að var umsókn SSV samþykkt. Niðurstaðan verður tilkynnt formlega 9. október.

### 3. Velferðarþjónusta á Vesturlandi

Á fundi með sveitarfélögum á Vesturlandi 14. ágúst s.l. kom fram áhugi á auknu samstarfi í velferðarmálum og að SSV myndi setja af stað vinnu til að skoða og móta stefnu um samstarf sveitarfélaga á Vesturlandi varðandi þessi verkefni. Stjórn samþykkti því á fundi sínum 23. ágúst s.l. að fela framkvæmdastjóra að vinna tillögu að stofnun vinnuhóps um aukið samstarf í velferðarþjónustu á Vesturlandi. Fundurinn samþykkt framlögð drög að erindisbréfi og fór framkvæmdastjóra að kalla eftir tilnefningum frá sveitarfélögum

### 4. Samgöngumál

Rætt um kynningu á samgöngumálum á Vesturlandi sem var lögð fram á þingmannafundi 7. september s.l. auk frekari kynningar á afstöðu SSV.

### 5. Ráðstefna um málefni sveitarfélaga.

Rætt um ráðstefnu um málefni sveitarfélaga sem fer fram 25. október n.k. Ráðstefnan verður tvíþætt, annars vegar verður fjallað um sameiningar sveitarfélaga hins vegar um hvernig auki megi aðdráttarafla sveitarfélaga og þannig laða að nýja íbúa, fyrirtæki og ferðafólk. Framkvæmdastjóri fór yfir drög að dagskrá og samþykkt að ráðstefnan fari fram á Akranesi.

### 6. Haustþing SSV 2023

Lögð fram drög að dagskrá fyrir Haustþing SSV 2023. Stjórn samþykkti dagskrána

### **7. Fjárhags- og starfsáætlanir SSV fyrir árið 2024**

Framlagðar fjárhags- og starfsáætlanir SSV fyrir árið 2024. Stjórn gerði ekki athugasemdir við fjárhags- eða starfsáætlun og samþykkti að vísa þeim til afgreiðslu á haustþingi.

### **8. Ályktanir vinnuhóp**

Rætt um ályktanir vinnuhópa fyrir haustþingið

### **9. Fræðsluferð til Skotlands**

Rætt um ávinning af fræðsluferð SSV og SSNV til Skotlands. Stjórn tók undir þau sjónarmið sem komið hafa fram um að efla samstarf sveitarstjórnarfólks úr NV-kjördæmi, t.d. með sameiginlegum fundum árlega. Formanni og framkvæmdastjóra var falið að vinna áfram að þessu verkefni.

### **10. Ársreikningur Markaðstofu Vesturlands 2022**

Ársreikningur Markaðstofu Vesturlands lagður fram til samþykktar. Stjórn samþykkti ársreikninginn.

### **11. Framlögð mál**

- Fundargerðir SASS 599 og 600
- Fundargerð 54 fundar stjórnar SSNE
- Fundargerð frá 932 fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundi slitið kl. 18:40

# Fundargerð 458. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2023, föstudaginn 17. nóvember kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar Fundur fór fram í fjarfundi.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Arnfríður Eide Hafpórsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Björn Arnaldsson og Dóra Björk Gunnarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Flosi Hrafn Sigurðsson lögfræðingur hjá sambandinu og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 457. fundar - 2301001HA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 457. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 19. október 2023 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

**2. Vesturbyggð - dómur um innheimtu aflagjalda - 2311001HA**

Lagður fram dómur í máli nr. E-196/2020, Vesturbyggð gegn Arnarlaxi ehf. dags. 9. nóvember 2023, vegna innheimtu aflagjalda af eldisfiski og bréf stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga til innviðaráðherra, dags. 14. nóvember 2023, vegna niðurstöðu dómsins. Að auki lagt fram minnisblað Gísla Gíslasonar vegna héraðsdóms í máli Vesturbyggðar gegn Arnarlaxi ehf. dags. 15. nóvember 2023.

Stjórn Hafnasambands Íslands tekur undir bókun Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga og lýsir yfir þungum áhyggjum vegna niðurstöðu dóms, Héraðsdóms Vestfjarða í máli gegn Arnarlaxi sem féll á dögnum. Augljóst er að dómur héraðsdóms undirstrikar mikilvægi kröfu hafna um endurskoðun hafnalaga. Hafnasambandið telur það alveg skýrt að heimildin til innheimtu aflagjalda af eldisfiski sé nú þegar til staðar en undanfarin ár hafa eldisfyrirtæki þó haldið öðru fram. Því telur hafnasambandið mikilvægt að Hafnalögin verði tekin til endurskoðunar sem allra fyrst og að inn komi skýrari útlistanir til að tryggja að aflagjald gildi um eldisfisk líkt og annan sjávarafna og sjávarafurðir.

**3. Endurtilnefning í mengunarvarnaráð hafna - 2206002HA**

Endurtilnefna þarf í mengunarvarnaráð hafna í stað Bergsteins Ísleifssonar sem látið hefur af störfum hjá Faxaflóahöfnum.

Samþykkt að tilnefna Jón Þóri Sveinsson starfsmann Faxaflóahafnar í mengunarvarnarráð í stað Bergsteins Ísleifssonar.

**4. Fyrstu drög að aðgerðum í aðgerðaráætlun ferðamálastefnu 2030 - 2311002HA**

Lögð fram fyrstu drög að aðgerðum í aðgerðaráætlun ferðamálastefnu 2023 sem er til umsagnar í samráðsgátt.

5. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2024-2038 ásamt aðgerðaráætlun 2024-2028 - 2307001HA**

Lögð fram til kynningar umsögn hafnasambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 31. október 2023, um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028, 315. mál.

6. **Samstarfsverkefni um fjarvigtun - 2009021HA**

Lagt fram til kynningar bréf Hafnasambands Íslands og Fiskistofu til matvælaráðuneytisins, dags. 10. nóvember 2023, um samstarfsverkefni um fjarvigtun í smærri höfnum.

7. **Umsögn um slit ógjaldfærra opinberra aðila - 2311003HA**

Lögð fram til kynningar drög að umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 15. nóvember 2023, um slit ógjaldfærra opinberra aðila, mál nr. S-196/2023.

Fundi var slitið kl. 12:50

# Fundargerð 937. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, sunnudaginn 12. nóvember kl. 12:30 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Náttúruhamfarir í Grindavík - 2311012SA

Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir stöðu mála og hvað hefur gerst um helgina. Upplýsti formaður að sambandið hefði sent út tölvupóst á sveitarfélögin laugardaginn 11.nóvember þar sem óskað var eftir upplýsingum um hvort og þá hvað sveitarfélögin gætu gert til að aðstoða Grindvíkinga og almannavarnir.

Fulltrúar í stjórn ræddu málið og lögðu áherslu á að ríkið, almannavarnir og sveitarfélögin vinni náið saman í næstu skrefum.

Fundi var slitið kl. 13:00

# Fundargerð 938. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 24. nóvember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Margrét Ólög A. Sanders, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson. Í fjarfundarsambandi voru Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir og Nanný Arna Guðmundsdóttir.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri, sviðsstjórnarnir Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð, ásamt Grétar Sveinn Theodórsson samskiptastjóra.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Náttúruhamfarir í Grindavík - 2311012SA

María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi sambandsins og Svala Hreinsdóttir, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins gerðu grein fyrir stöðu mála. Í máli þeirra kom fram að ýmiskonar vinna er í gangi vegna stöðunnar í Grindavík. Sambandið hefur fundað með fulltrúum sveitar- og bæjarstjórna víðsvegar um landið, ásamt fulltrúum almannavarna og ríkisins vegna stöðunnar í Grindavík. Einnig hefur sambandið aðstoðað við að taka saman upplýsingar og styðja við sveitarfélagið í þeim verkefnum sem snúa að skóla og velferðarmálum. Starfsfólk sambandsins er jafnframt í teymum sem hafa verið stofnuð af mennta- og barnamálaráðuneytinu vegna skólamála og innviðaráðuneytinu vegna húsnæðismála.

*Stjórn þakkar upplýsingar og leggur áherslu á að starfsfólk sambandsins haldi áfram að styðja við sveitastjórn Grindavíkurbæjar eftir bestu getu. Stjórn lýsir jafnframt ánægju með þá samstöðu sem er meðal sveitarfélaga um þessar mundir við að aðstoða Grindvíkinga.*

María Ingibjörg Kristjánsdóttir og Svala Hreinsdóttur viku af fundi kl. 12:40.

### 2. Fundargerðir 935., 936. og 937. fundar - 2301014SA

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 935., 936. og 937. fundar stjórnar sambandsins frá 16. og 27. október og 12. nóvember 2023, sem undirritaðar hafa verið með rafrænum hætti.

### 3. Fræðslumálanefnd sambandsins - 2210009SA

Lagðar fram fundargerðir 148., 149. og 150 fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 21. september, 19. október og 16. nóvember 2023.

*Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða í tengslum við 150. fundargerð fræðslumálanefndar:*

*Stjórn sambandsins tekur undir með fræðslumálanefnd og leggur áherslu á að samstarf sé á öllum stigum við mótun heildstæðrar löggjafar um skólaþjónustu*

við sveitarfélög og vettvang fræðslu- og frístundayfirvalda sveitarfélaga, með það að markmiði að tryggja breiða sátt um löggjöfina og sameiginlegan skilning.

Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða í tengslum við 149. fundargerð fræðslumálanefndar:

Stjórn sambandsins leggur áherslu á að mótuð verði heildstæð stefna um þjónustu við börn og foreldra frá 12 mánaða aldri, með aðkomu ríkis og sveitarfélaga. Mikilvægt er að horfa til jafnréttissjónarmiða, samfélagslega þörf og aðkomu ríkisins vegna þjónustu sveitarfélaga við börn frá 12. mánaða aldri.

**4. Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA**

Lögð fram fundargerð 22. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 17. október 2023.

**5. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA**

Lögð fram fundargerð 91. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 6. nóvember 2023.

**6. Meginmarkmið og áherslur Sambands íslenskra sveitarfélaga í kjaraviðræðum 2024 - 2311018SA**

Rætt var um skipulag í upphafi kjaravetrar.

**7. Kjaramálanefnd sambandsins - 2210010SA**

Lögð fram sem trúnaðarskjal fundargerð 38. fundar kjaramálanefndar sambandsins frá 22. nóvember 2023. Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða.

Í ljósi efnahagsþróunar telur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að mikilvægt sé að horft verði til samstillts átaks til að kveða niður verðbólguna. Komi til þess þá er sambandið tilbúið til að koma að slíku átaki.

**8. Staða kjaramála - 2301032SA**

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 21. nóvember 2023, um stöðu kjaramála í nóvember 2023.

**9. Kjarasamningur - 2301032SA**

Lagt fram samkomulag milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Sambands stjórnendafélaga, dags. 1. nóvember 2023, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða fyrirbyggjandi kjarasamning við Samband stjórnendafélaga.

**10. Forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga - 2308027SA**

Lagt fram minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. nóvember 2023, um nýja spá Hagstofu Íslands og forsendur.

**11. Starfshópur um starfskjör - 2311004SA**

Lagt fram erindisbréf starfshóps um starfskjör Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 10. nóvember 2023.

Stjórn samþykkir erindisbréfið og felur starfshópnum að vinna tillögu í samræmi við umræður á fundinum sem lagðar verði fram á næsta fundi stjórnar.

**12. Dagatal stjórnar - 2309033SA**

Tekið fyrir að nýju, áður á dagskrá stjórnar sambandsins 29. september 2023, en þá var framkvæmdastjóra falið að laga dagatalið til miðað við umræður á fundinum og leggja fram til staðfestingar á næsta fundi stjórnar. Athygli er vakin á því að gert er ráð fyrir að stjórn sambandsins fundi á tveggja vikna fresti.

*Stjórn samþykkir tillögu að fundardagatali stjórnar fyrir árið 2024 með þeim breytingum sem voru ræddar á fundinum.*

**13. Kostnaður og tekjur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs - 2308026SA**

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins gerði grein fyrir stöðu verkefnis um úttekt á kostnaði við úrgangsmál.

**14. Breytingar á samþykktum Brúar lífeyrissjóðs - 2009577SA**

Lagt fram bréf Brúar lífeyrissjóðs, dags. 25. október 2023, um breytingar á samþykktum sjóðsins, ásamt fylgiskjölum.

**15. 25 ár frá yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga - skýrsla - 2310048SA**

Lögð fram til kynningar skýrslan 25 ár frá yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga - Útgáfa námsgagna - Starfspróun kennara og skólastjórnenda grunnskóla 1996-2021, dags. í apríl 2023.

**16. Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs - 2310008SA**

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu á fundinum um ráðningu í starf sviðsstjóra stjórnsýslusviðs, sbr. auglýsingu um starfið 3. október sl. og gerði grein fyrir rökstuðningi með tillögunni.

*Stjórnin sambandsins fellst á tillögu framkvæmdastjóra og samþykkir að ráða Helgu Maríu Pálsdóttur í starf sviðsstjóra stjórnsýslusviðs sambandsins og felur framkvæmdastjóra að ganga frá ráðningarsamningi við hana og semja um upphafstíma starfs.*

**17. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 - 2310046SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 26. október 2023, um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, 315. mál.

**18. Endurtilnefning í Íslenska málnefnd - 2310028SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 7. nóvember 2023, þar sem Marta Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi, er tilnefnd í Íslenska málnefnd.

19. **Endurtilnefning í verkefnisstjórn um stefnumarkandi áætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum - 2209023SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 7. nóvember 2023, þar sem Nanný Arna Guðmundsdóttir, er tilnefnd sem aðalmaður í verkefnisstjórn um stefnumarkandi áætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, og Eggert Valur Guðjónsson, oddviti Rangárbings ytra, til vara.
20. **Endurtilnefning í innflytjendaráð - 2201014SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 7. nóvember 2023, þar sem Valgerður Björk Pálsdóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ, er tilnefnd í innflytjendaráð.
21. **Tilnefning í stjórn Úrvinnslusjóðs - 2306029SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 7. nóvember 2023, þar sem Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi og Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri SORPU bs., eru tilnefnd í stjórn Úrvinnslusjóðs.
22. **Tilnefning í stýrihóp um gerð stefnu um líffræðilega fjölbreytni - 2310002SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 8. nóvember 2023, þar sem Guðrún Anna Finnbogadóttir, teymisstjóri atvinnu- og byggðasviðs Vestfjarðastofu, er tilnefnd í stýrihóp um gerð stefnu um líffræðilega fjölbreytni.
23. **Tilnefning í úthlutunarnefnd Menntarannsóknasjóðs - 2310047SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 8. nóvember 2023, þar sem Anna Ingadóttir, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í úthlutunarnefnd Menntarannsóknasjóðs 2023.
24. **Umsögn um uppbyggingu og umgjörð lagareldis - Stefna til ársins 2040 - 2310021SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til matvælaráðuneytisins, dags. 2. nóvember 2023, um uppbyggingu og umgjörð lagareldis - Stefna til ársins 2040, mál nr. S-182/2023.
25. **Umsögn um frumvarp til laga um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu - 2310027SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 26. október 2023, um frumvarp til laga um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, 238. mál.
26. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur, lögum um mannvirki og lögum um brunavarnir - 2311003SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 3. nóvember 2023, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur, lögum um mannvirki og lögum um brunavarnir, mál nr. S-201/2023.

**27. Umsögn um frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi - 2311005SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 7. nóvember 2023, um frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 314. mál.

**28. Umsögn um slit ógjaldfærra opinberra aðila - 2310043SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 21. nóvember 2023, um slit ógjaldfærra opinberra aðila, mál nr. S-196/2023.

**29. Lögbundin verkefni sveitarfélaga - 2311019SA**

Lögð fram til kynningar fréttatilkynning innviðaráðuneytisins 13. nóvember sl. þar sem ljósi er varpað á veikleika fámennra sveitarfélaga.

**30. Viðræður við ríkið um málefni fatlaðs fólks - 2205032SA**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu mála í viðræðum við ríkið um málaflokk fatlaðs fólks. Að því loknu var tekin umræða um málið.

Fundi var slitið kl. 15:20

## Kristinn Jónasson

---

**From:** Pálmi Þór Sævarsson - VG <palmi.th.saevarsson@vegagerdin.is>  
**Sent:** föstudagur, 1. desember 2023 12:41  
**To:** Kristinn Jónasson  
**Cc:** Kristinn Gunnar K Lyngmo - VG; Kristófer Ágúst Kristófersson - VG  
**Subject:** Lækkun umferðarhraða á Útnesvivegi 574 við Stóra og Litla Kamb  
**Attachments:** Útnesvegur 574 - Snæfellsbær - hámarkshraði - lækkun hámarkshraða.docx

Sæll Kristinn

Við fengum óskri frá ábúendum við Stóra og Litla Kamb við Útnesveg um óskri um lækkaðan hámarkshraða framhjá þeim.

Búið er að forma meðfylgjandi tillögu hér innanhús, langaði okkur fá álit á þessu máli hjá ykkur áður en lengra er haldið sjá meðfylgjandi tillögu frá honum Kristófer.

Bestu kveðjur



### Pálmi Þór Sævarsson

Svæðisstjóri  
Vestursvæði

[palmi.th.saevarsson@vegagerdin.is](mailto:palmi.th.saevarsson@vegagerdin.is)

Regional Director  
West Region

[+354 522 1510](tel:+3545221510)  
[+354 843 4902](tel:+3548434902)

Vegagerðin  
Icelandic Road and  
Coastal Administration

Borgarbraut 66, 310 Borgarnesi  
[vegagerdin.is](http://vegagerdin.is)

### Um ábyrgð á tölvupósti

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum (og viðhengjum hans) biðjum við þig að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa upplýsingarnar, skrá þær hjá þér né nota þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis að upplýsingarnar hafi ranglega borist þér. Brot gegn þessu kunna að varða bótaábyrgð og refsingu samkvæmt lögum.

### English

Please note that this e-mail and its attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged. If you have by coincidence or mistake or without specific authorization received this e-mail and its attachments we request that you notify us immediately that you have received them in error, uphold strict confidentiality and neither read, copy, nor otherwise make use of their content in any way. Unauthorized use of this email may result in liability and be punishable by law.

**Snæfellsnes - Útnesvegur**

Vegur 574-01  
356 Snæfellsbæ

**Efni: Lækkun á hámarkshraða á Útnesvegi (574-01).**

Lagt er til af svæðisstjóra Vestursvæðis að hámarkshraði á vegi 574 (01) við bæina Stóra-Kamb, Litla-Kamb og Gröf sé lækkaður niður í 70 km/klst. eða á um 1.700 metra kafla frá st. 8.200 til 9.900

Beiðni um þetta kemur fyrst frá ábúendum á Stóra-Kambi og Litla-Kambi og svo frá sveitarfélaginu. Óskað er eftir því að hámarkshraði verði tekinn verulega niður. Gopro mál XXXXXXXX.

Eftir skoðun svæðisstjóra og yfirverkstjóra er tekið undir þau sjónarmiða að þarna er byggð mjög nálægt vegi og því eðlilegt að taka niður hraðann og setja upp merkingar um gangandi. Tillaga svæðisstjóra er því að þarna verði settur 70 km/klst. hámarkshraði á um 1.700 metra kafla og þá einnig við bæinn Gröf.

Lækkun á hámarkshraða felur í sér aukið umferðaröryggi vegfarenda á þessu svæði, en þarna er meðal annars rekið verkstæði á einum bænum og ferðaþjónusta á hinum tveimur bænum. Það er sérstaklega tekið fram að verið er að ferja hross meðfram vegi sem og yfir hann og því töluvert um óvarða vegfarendur á þessum vegakafla.


Umsögn umferðardeildar:

Hvað þarf að gera:

- Setja ný B28 70 km/klst. merki við ca. st. 8.200 og st. 9.900
- Setja ný B28 90 km/klst. merki við ca. st. 8,200 og st. 9,900

Kostnaður:

Tvö stykki B28 70 km/klst. merki, tvö stykki B28 90 km/klst. merki og 4 nýir staurar.



Myndin sýnir ca. staðsetningar á merkjum miðað við tillögu.

Virðingarfyllt

f.h. Vegagerðarinnar

Kristófer Ágúst Kristófersson

---

Síða 2/2

---

**Vegagerðin**



**Snæfellsbær**  
Klettsbúð 4  
360 Hellissandur  
snb@snb.is

Dagsetning 1. desember 2023  
Málsnúmer **MAR23110176**

## Efni: Úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2023/2024

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 849/2023, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiaríð 2023/2024 og almanaksárið 2024, hefur matvælaráðherra allt að 4.829 þorskígildistonn af botnfiski til ráðstöfunar til byggðarlaga sem falla undir skilyrði a. og b. liðar í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 851/2023, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2023/2024.

Viðkomandi sveitarstjórn er hér með tilkynnt á grundvelli 4. gr. reglugerðar nr. 851/2023 hversu miklar aflaheimildir koma í hlut hvers byggðarlags innan sveitarfélagsins sem rétt getur átt á úthlutuðum byggðakvóta.

Úthlutun innan sveitarfélagsins verður eftirfarandi:

| Byggðarlag   | Hlutfall úthlutunar af heildarúthlutun til allra byggðarlaga | Breyting úthlutunar milli ára (í þorskígildistönum) | Úthlutun fiskveiðisins 2023/2024 (í þorskígildistönum) | Úthlutun fiskveiðisins 2022/2023 (í þorskígildistönum) |
|--------------|--|---|--|--|
| Arnarstapi   | 0,4%   | 5   | 20   | 15   |
| Hellissandur | 0,0%   | -15   | 0  | 15   |
| Ólafsvík     | 0,0%   | -27   | 0  | 27   |
| Rif          | 0,0%   | -15   | 0  | 15   |

Þar sem endanleg úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2023/2024 liggur fyrir er sveitarfélögum því gefinn frestur til 29. desember n.k. að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur. Eftir að tillögur sveitarstjórna um sérstök skilyrði verða síðan til kynningar á vef ráðuneytisins í 7 daga áður en þær verða teknar til efnislegrar meðferðar.

Í þeim tilvikum að ekki komi fram óskir um sérreglur innan framangreinds tímafrests mun ráðuneytið beina því til Fiskistofu að auglýsa byggðakvóta fyrir viðkomandi byggðarlög til umsóknar eins fljótt og auðið er. Einnig geta sveitarfélög sent ráðuneytinu staðfestingu á að ekki sé fyrirhugað að leggja fram tillögu að sérreglum og þá mun ráðuneytið beina því til Fiskistofu að auglýsa byggðakvóta til umsóknar í viðkomandi byggðarlögum án tafar.

Bent skal á að til hagræðingar fyrir sveitarfélög þá hefur ráðuneytið tekið saman leiðbeiningar og form til útfyllingar sem mælt er með að sveitarfélög noti vegna tillögu um sérreglur og rökstuðning vegna þeirra og fylgir með í viðhengi.

F.h. ráðherra

  
Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir

  
Jón Þrándur Stefánsson

## Leiðbeiningar vegna samantektar og afgreiðslu á tillögum sveitarstjórna um sérstök skilyrði (sérreglur) vegna byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2023/2024

Í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, er að finna ákvæði er varða skilyrði um úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum. Ráðherra setur almenn skilyrði fyrir úthlutun með reglugerð. Almennar reglur um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2023/2024 er að finna í reglugerð nr. 852/2023, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2023/2024 (<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=8b3ff896-7166-4a23-a488-4dd592c7c418>). Ráðherra getur heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga.

Í 7. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, eru ákvæði er varða skilyrði um skyldu til að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga og getur ráðherra heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum.

Ráðherra getur því á grundvelli framangreindra heimilda byggt á tillögum sveitarstjórna sem víkja frá ákvæðum í almennu reglunum sem er að finna í framangreindri reglugerð.

Nánari upplýsingar um málsmeðferð á tillögum sveitarstjórna er síðan að finna í 3. gr. reglugerðarinnar. Þar er ákvæði um fjögurra vikna frest fyrir sveitarstjórnir til að skila tillögum og ákvæði um kynningu ráðuneytis á tillögum sveitarstjórna á vefsíðu ráðuneytisins.

Til upplýsingar þá verður ferli á afgreiðslu tillagna sveitarfélags um sérreglur vegna byggðakvóta í byggðarlaginu eftirfarandi:

### Málsmeðferð sveitarstjórnar

Sveitarstjórn tekur saman tillögur, telji hún þörf á því, og rökstuðning að sérreglum vegna byggðakvóta. Sveitarstjórn fjallar um tillögurnar á fundi og bókað er um afgreiðslu málsins í fundargerð. Erindi með tillögum með áritun sveitarstjórnar ásamt afriti af fundargerð er sent rafrænt til matvælaráðuneytis á tölvupóstfangið [mar@mar.is](mailto:mar@mar.is).

### Málsmeðferð ráðuneytis

1. Ráðuneytið tilkynnir viðeigandi sveitarstjórn um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga innan sveitarfélagsins á grundvelli ákvæða reglugerðar nr. 851/2023, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2023/2024.
2. Erindi sveitarstjórnar um beiðni á setningu sérreglna berst ráðuneytinu ásamt tillögu að sérreglum.
3. Ráðuneytið móttækur erindið og undirbýr kynningu á tillögu sveitarfélags.
4. Kynning á tillögum sveitarstjórnar. Ráðuneytið birtir tillögu sveitarstjórnar á vef ráðuneytisins í sjö daga og óskar eftir athugasemdum varðandi tillögu viðkomandi sveitarstjórnar.
5. Ráðuneytið móttækur athugasemdir vegna tillögu sveitarstjórnar fyrir viðkomandi byggðarlag og undirbýr kynningu á athugasemdum.
6. Ráðuneytið metur hvort rökstuðningur tillagna sveitarstjórnar sé fullnægjandi eða hvort um annmarka sé um að ræða á tillögu sveitarstjórnar vegna viðkomandi byggðarlags m.t.t. afgreiðslu hennar. Ef svo er þá er sveitarstjórn tilkynnt um slíkt og gefinn kostur til úrbóta á innsendri tillögu.
7. Ráðuneytið tekur tillögu sveitarstjórnar til efnislegar meðferðar. Við mat ráðuneytisins verður sérstaklega litið til rökstuddra tillagna sveitarfélags um að víkja frá skilyrðum á grundvelli málefnalegra og staðbundinna ástæðna enda séu þau í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga. Ráðuneytið kannar hvort aðstæður hafi breyst í viðkomandi byggðarlagi sem gefi tilefni til að fallast á eða hafna tilteknum atriðum í tillögum sveitarstjórnar. Bent skal á að þótt tiltekna tillögur að sérreglum hafi verið staðfestar á fyrri fiskveiðiarum er það ekki vísbending um að sambærilegar tillögur að sérreglum muni verða samþykktar fyrir viðkomandi byggðarlag fyrir fiskveiðiaríð 2023/2024 þar sem ráðuneytinu ber að taka afstöðu til hverrar tillögu fyrir sig með hliðsjón af málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga í hverju tilviki fyrir sig.
8. Ráðuneytið skrifar fundargerð um afgreiðslu erindis.
  - a. Ráðuneytið staðfestir að fullu tillögu sveitarstjórnar um sérreglur.
  - b. Ráðuneytið staðfestir að hluta tillögu sveitarstjórnar um sérreglur.
  - c. Ráðuneytið hafnar tillögu sveitarstjórnar um sérreglur.

- Ráðuneytið sendir bréf til sveitarstjórnar um niðurstöðu ásamt rökstuðningi á afgreiðslu. Ef ástæða er til þá er sveitarstjórnnum gefin kostur til úrbóta á innsendri tillögu.
9. Auglýsing sérreglna fyrir viðkomandi byggðarlag/byggðarlög er send Stjórnartíðindum til birtingar. Ráðuneytið getur gert leiðréttingar og formbreytingar á tillögum sveitarstjórna ef þörf er á ef það er nauðsynlegt m.t.t. málfars eða samhengis. Ráðuneytið mun hins vegar ekki leggja til efnisbreytingar á tillögum sveitarstjórna heldur verða slíkar tillögur að berast ráðuneytinu frá viðkomandi sveitarstjórnnum.
  10. Ráðuneytið sendir Fiskistofu fyrir máli um að auglýsa byggðakvóta til fiskiskipa til umsóknar fyrir viðkomandi byggðarlag/byggðarlög eftir að sérreglur hafa verið birtar í Stjórnartíðindum.

#### **Afgreiðsla Fiskistofu**

Fiskistofa auglýsir byggðakvóta fyrir viðkomandi byggðarlag til umsóknar. Í framhaldi af afgreiðslu Fiskistofu á umsóknum er byggðakvóta til einstakra fiskiskipa úthlutað að teknu tilliti til sérreglna sem varða úthlutun ef við á.

Til hagræðingar fyrir sveitarstjórnir hefur ráðuneytið tekið saman form til útfyllingar sem mælt er með að þær noti ef að þær áforma að leggja fram tillögur um sérreglur og rökstuðning vegna þeirra. Athugið að **ekki er nauðsynlegt að tillögur sveitarstjórna feli í sér breytingu á öllum ákvæðum 1. gr., 4. gr., eða 6. gr. heldur getur verið um afmarkað frávík eða breytingu að ræða á ákvæði tiltekinnar gr. reglugerðar nr. 852/2023.**

**Eyðublað matvælaráðuneytis vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstöfum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2023/2024**

Til útfyllingar fyrir þau sveitarfélög sem óska eftir að senda inn tillögu að sérstöfum skilyrðum.

Ef sveitarfélög óska ekki eftir að sérstök skilyrði verði sett þá er mælt til þess að matvælaráðuneytinu verði send yfirlýsing þess efnis.

|   |  |
|---|--|
| <b>Sveitarfélag:</b>  | Hér skal rita nafn sveitarfélags.  |
| <b>Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag/byggðarlög:</b>  | Hér skal tilgreina hvaða byggðarlag tillaga sveitarfélags varðar. Ef um er að ræða tillögu sem varðar fleiri en eitt byggðarlag innan sama sveitarfélags skal tilgreina hvaða byggðarlög er um að ræða.  |
| <b>Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:</b>  | Hér skal rita dagsetningu á samþykkt sveitarstjórnar á tillögu að sérreglum sem send er ráðuneytinu. Jafnframt skal senda afrit af fundargerð sveitarstjórnar þar sem ákvörðun vegna tillagna að sérreglum er samþykkt til ráðuneytisins.                      |
| <b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>  |  |
| <b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>  | Hér þarf fylla inn texta þar sem koma þarf fram orðalag og ákvæði reglugerðar. Greina þarf frá því hvaða skilyrðum er verið að víkja frá eða hvaða viðbótarskilyrði er verið að setja.   |
| <b>Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>  | Nauðsynlegt er að rökstyðja hvaða málefnalegu sjónarmið liggja að baki tillögu sveitarstjórnar og hverjar séu hinar staðbundnu ástæður fyrir tillögunni. Jafnframt þarf að greina frá hvernig tillagan samræmist hagsmunum viðkomandi byggðarlags/byggðarlaga. |
| <b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>                                     |  |
| <b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>                                     | Hér þarf fylla inn texta þar sem koma þarf fram orðalag og ákvæði reglugerðar. Greina þarf frá því hvaða skilyrðum er verið að víkja frá eða hvaða viðbótarskilyrði er verið að setja.   |
| <b>Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>                               | Nauðsynlegt er að rökstyðja hvaða málefnalegu sjónarmið liggja að baki tillögu sveitarstjórnar og hverjar séu hinar staðbundnu ástæður fyrir tillögunni. Jafnframt þarf að greina frá hvernig tillagan samræmist hagsmunum viðkomandi byggðarlags/byggðarlaga. |
| <b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>  |  |
| <b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>  | Hér þarf fylla inn texta þar sem koma þarf fram orðalag og ákvæði reglugerðar. Greina þarf frá því hvaða skilyrðum er verið að víkja frá eða hvaða viðbótarskilyrði er verið að setja.   |
| <b>Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>                                  | Nauðsynlegt er að rökstyðja hvaða málefnalegu sjónarmið liggja að baki tillögu sveitarstjórnar og hverjar séu hinar staðbundnu ástæður fyrir tillögunni.   |
| Tillögur sveitarstjórnar sendist rafrænt til matvælaráðuneytis á tölpóstfangið <a href="mailto:mar@mar.is">mar@mar.is</a> . |  |

# REGLUR UM FRÍSTUNDASTYRKI Í SNÆFELLSBÆ

## 1. gr.

### Markmið og tilgangur

Snæfellsbær veitir foreldrum/forráðamönnum barna og ungmenna á aldrinum 0-20 ára frístundastyrki vegna þátttöku í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi, hér eftir nefnt "frístundastarf".

Meginmarkmið frístundastyrksins er að öll börn og ungmenni, 0-20 ára, í Snæfellsbæ, geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Meginskilyrði styrkjanna er að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna.

Vísað er til 1. greinar æskulýðslaga nr. 70 frá 2007.

*„Með æskulýðsstarfi er átt við skipulagða félags- og tómstundastarfsemi þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum. Í skipulögðu æskulýðsstarfi skal hafa í huga félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunarleg gildi þess sem miðar að því að auka mannkosti og lýðræðisvitund þátttakenda.“*

Vísað er til 2. greinar íþróttalaga nr. 64 frá 1998.

*„Meginmarkmið aðgerða ríkis og sveitarfélaga á sviði íþróttamála skal vera að stuðla að því að allir landsmenn eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði. Samstarf ríkis og sveitarfélaga við hina frjálsu íþróttahreyfingu skal taka mið af gildi íþróttaiðkunar fyrir uppeldis- og forvarnastarf.“*

## 2. gr.

### Almennt um frístundastyrk og úthlutunarreglur

Með frístundastyrknum má greiða að fullu, eða hluta, fyrir íþrótta-, lista- og/eða aðra tómstundastarfsemi á vegum félaga og fyrirtækja. Foreldrar/forráðamenn barna geta ráðstafað frístundastyrknum hvenær sem er á árinu og óháð fjölda greina/námskeiða.

Ekki er um beingreiðslur til forráðamanna að ræða, heldur hafa þeir rétt til að ráðstafa tilgreindri upphæð í nafni barns síns til niðurgreiðslu á þátttöku- og æfingagjöldum innan tómstundastarfs í Snæfellsbæ.

Styrkupphæð er í samræmi við gildandi samþykkt bæjarstjórnar Snæfellsbæjar hverju sinni. Styrkur getur aldrei orðið hærri en æfinga-/námskeiðsgjald viðkomandi frístundatilboðs. Ekki er heimilt að nýta frístundastyrkinn til að greiða sérstakan viðbótarkostnað svo sem vegna tækja og búnaðar, fatnaðar og ferða.

Ráðstöfun er endanleg. Ekki er hægt að endurgreiða eða bakfæra styrk þegar foreldri/forráðamaður hefur ráðstafað styrk til félags á grundvelli frístundastyrksins.

Frístundastyrkurinn fylgir almanaksárinu og er úthlutað einu sinni á hverju almanaksári.

### **3. gr. Skilyrði fyrir veitingu styrks**

Að barnið eigi lögheimili í sveitarfélaginu Snæfellsbæ og sé á aldrinum 0-20 ára miðað við fæðingarár. Iðkendur eiga rétt á styrk til og með því ári sem 20 ára aldri er náð.

Börn sem flytja í sveitarfélagið Snæfellsbæ fá fullan styrk á því ári sem flutt er í bæjarfélagið.

### **4. gr. Skipulagt frístundastarf og styrkhæfi aðila**

Velferð og hagur barna skal hafður að leiðarljósi í frístundastarfi og í samræmi við ákvæði laga og reglugerða er varða börn. Skipulagt frístundastarf þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði til að teljast styrkhæft:

- a. að um sé að ræða skipulagt frístundastarf undir stjórn/leiðsögn fagaðila á sviði íþrótt- og tómstunda. Börn undir 18 ára aldri skulu ekki starfa við þjálfun, kennslu- eða leiðbeinendastörf í barnastarfi ein síns liðs. Fagaðili getur þó haft einstaklinga undir 18 ára aldri sér til aðstoðar.
- b. að skipulagt frístundastarf nái yfir 10 vikur samfelld hið minnsta. Ekki eru veittir styrkir vegna hefðbundinna sumarnámskeiða eða annarra námskeiða sem eru styttri en 10 vikur samfelld.
- c. starfsemi sem telst styrkhæf er starfsemi á vegum íþrótt- og tómstundafélaga og nám við tónlistarskóla. Skipulögð námskeið s.s. innan líkamsræktarstöðva, sjálfsstyrkingar og önnur þau námskeið sem uppfylla skilyrði reglna þessara falla undir styrkinn.
- d. starfsemi sem **ekki** telst styrkhæf er starfsemi trúfélaga, önnur en kórastarf, og annarra lífsskoðunarfélaga, stjórnmalasamtaka og viðvera eftir skóla.
- e. aðild að frístundastyrknum má ekki verða til þess að gjaldskrár/æfingagjöld aðila hækki óeðlilega milli ára.

**Reglur þessar verða endurskoðaðar eins oft og þurfa þykir.**

**Samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar 7. desember 2023**



**SNÆFELLSBÆR**

*Þar sem jökullinn ber við loft...*

**Bæjarstjórn Snæfellsbæjar**

**Snæfellsbær, 10. nóvember 2023**

**Varðandi: afslátt gatnagerðargjalda**

Reglur um afslátt gatnagerðargjalda féllu úr gildi 31. desember 2023.

Gerð er tillaga um að afslátturinn sem fyrir er verði framlengdur til 31. desember 2024.

**Bæjarritari**



# **Snæfellsbær**



**Gjaldskrár 2024**

# Forsendublað fyrir fjárhagsáætlun 2024

- Útsvarsprósenta í Snæfellsbæ árið 2023 verður 14,74%, eða sú sama og 2023.
- Álagningarprósentur fasteigna- og þjónustugjalda verða þær sömu og árið 2023. Meðaltalshækkun fasteignagjalda á árinu 2024 verður í samræmi við verðbólgu, eða 9,8%.
- Verðbólga ársins 2023 var um 8% og er því þörf á að hækka að einhverju leyti gjaldskrár Snæfellsbæjar fyrir árið 2024 til að koma til móts við almennar vöru- og þjónustuhækkanir. Meðalhækkun gjaldskráa Snæfellsbæjar er um 7-10%.
- Miklar breytingar hafa orðið á sorpmálum á landsvísu undanfarið ár og eru fyrirhugaðar í Snæfellsbæ á árinu 2024. Skv. lögum ber sveitarfélögum að breyta gjaldskráum sínum í samræmi við raunkostnað við meðhöndlun úrgangs. Vegna þessa verður töluverð breyting á gjaldskrá sorps í Snæfellsbæ, sem hefur í langan tíma verið töluvert of lág miðað við raunkostnað sorphirðu og sorpeyðingar. Þessar breytingar gera ráð fyrir tæplega 120% hækkun á sorpgjöldum.
- Hámarksafsláttur af fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþega verður kr. 140.000.- og hækkar, ásamt viðmiðunarmörkum tekna, sem nemur launavísitölu.
- Staðgreiðsluafsláttur fasteignagjalda verður áfram 3% ef greitt er upp fyrir 15. mars 2024.
- Leikskólagjöld og gjald vegna hádegisverðar í leikskóla hækkar um 10% milli ára.
- Heimgreiðslur hækka úr 46.500.- í kr. 51.200.-. Þetta er 10% hækkun og fylgir hún launavísitölu á tímabilinu.
- Frístundastyrkur hækkar í 33.000.- ári með hverju barni, eða um 10% frá árinu 2023, og fylgir þar með launavísitölu.
- Líkamsræktarstyrkur starfsfólks hækkar úr 25.000.- í 27.500.- sem er 10% hækkun frá árinu 2023. Þessi styrkur fylgir líka launavísitölu.
- Gjöld fyrir fæði í skóla og Skólabæ hækka um 6-7% milli ára.
- Tónlistarskólagjöld hækka um 10% milli ára.
- Aðgangur fullorðinna í sundlaug og íþróttahús í Ólafsvík og Lýsulaugar hækkar um 7-9,5%.
- Gjaldskrá slökkviliðs hækkar um 7%.
- Gjaldskrá hundaleyfa hækkar um 10%.

- Gjaldskrá kattaleyfa hækkar um 10%.
- Gjaldskrá byggingarleyfisgjalda breytist ekkert milli ára en hún er vísitölutengd og því ekki nauðsynlegt að endurskoða hana á hverju ári.
- Gjaldskrá gatnagerðargjalda breytist ekkert milli ára. Þó þyrfti að taka ákvörðun um afsláttarprósentu gatnagerðargjalda sem er 90% til 31/12 2023.
- Gjaldskrár félagsheimila breytast hækka um 5-10% milli ára.
- Þar sem flestir kjarasamningar eru lausir 31. mars 2024, er gert ráð fyrir 5% hækkun frá 1/4 2024 og eingreiðslu við undirritun.
- Gert er ráð fyrir 75 milljónum undir liðnum „ófyrirséð“.

# Snæfellsbær



**Fjárhagsáætlun 2024**  
*seinni umræða*

## Fjárhagsáætlun fyrir rekstur Samstæðunnar árið 2024

|  | A-hiuta sjóðir     |                    |                    |                    | Samstæðan          |                    |                    |                    |                    |
|--|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
|  | Áætlun<br>2021     | Áætlun<br>2022     | Áætlun<br>2023     | Áætlun<br>2024     | Áætlun<br>2020     | Áætlun<br>2021     | Áætlun<br>2022     | Áætlun<br>2023     | Áætlun<br>2024     |
| <b>Rekstrartekjur</b>                        |                    |                    |                    |                    |                    |                    |                    |                    |                    |
| Skatttekjur .....                            | 1.400.000          | 1.471.600          | 1.527.100          | 1.743.000          | 1.285.800          | 1.400.000          | 1.471.600          | 1.527.100          | 1.743.000          |
| Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ..... | 460.500            | 528.400            | 587.500            | 653.500            | 495.100            | 460.500            | 528.400            | 587.500            | 653.500            |
| Aðrar tekjur .....                           | 281.505            | 328.268            | 416.995            | 591.340            | 835.645            | 867.447            | 993.228            | 1.184.016          | 1.394.989          |
| <b>Tekjur alls</b>                           | <b>2.142.005</b>   | <b>2.328.268</b>   | <b>2.531.595</b>   | <b>2.987.840</b>   | <b>2.616.545</b>   | <b>2.727.947</b>   | <b>2.993.228</b>   | <b>3.298.616</b>   | <b>3.791.489</b>   |
| <b>Rekstrargjöld</b>                         |                    |                    |                    |                    |                    |                    |                    |                    |                    |
| Laun og launatengd gjöld .....               | (1.211.045)        | (1.311.540)        | (1.373.990)        | (1.487.975)        | (1.385.110)        | (1.492.439)        | (1.617.382)        | (1.704.135)        | (1.855.780)        |
| Annar rekstrarkostnaður .....                | (471.555)          | (486.448)          | (553.380)          | (758.445)          | (610.785)          | (633.226)          | (662.999)          | (746.883)          | (968.586)          |
| Afskriftir .....                             | (82.685)           | (85.160)           | (94.610)           | (94.280)           | (135.363)          | (140.906)          | (144.992)          | (156.806)          | (160.143)          |
| Skattar og önnur opinber gjöld .....         | (30.250)           | (31.995)           | (41.185)           | (40.465)           | (43.995)           | (45.615)           | (48.578)           | (60.022)           | (58.490)           |
| Styrkir og framlög .....                     | (352.265)          | (393.270)          | (400.385)          | (450.090)          | (351.910)          | (371.825)          | (422.110)          | (429.225)          | (478.930)          |
| <b>Gjöld alls</b>                            | <b>(2.147.800)</b> | <b>(2.308.413)</b> | <b>(2.463.550)</b> | <b>(2.831.255)</b> | <b>(2.527.163)</b> | <b>(2.684.011)</b> | <b>(2.896.061)</b> | <b>(3.097.071)</b> | <b>(3.521.929)</b> |
| <b>Afkoma fyrir vexti</b>                    | <b>(5.795)</b>     | <b>19.855</b>      | <b>68.045</b>      | <b>156.585</b>     | <b>89.382</b>      | <b>43.936</b>      | <b>97.167</b>      | <b>201.545</b>     | <b>269.560</b>     |
| Fjármunatekjur .....                         | 92.800             | 89.000             | 184.500            | 154.500            | 93.149             | 93.493             | 89.555             | 185.340            | 156.284            |
| Fjármagnsgjöld .....                         | (111.400)          | (108.700)          | (230.000)          | (205.700)          | (144.050)          | (149.621)          | (150.261)          | (281.060)          | (258.700)          |
| <b>Afkoma ársins</b>                         | <b>(24.395)</b>    | <b>155</b>         | <b>22.545</b>      | <b>105.385</b>     | <b>38.481</b>      | <b>(12.192)</b>    | <b>36.461</b>      | <b>105.825</b>     | <b>167.144</b>     |
| <b>Fjárfestingar</b>                         | <b>170.000</b>     | <b>212.000</b>     | <b>243.500</b>     | <b>318.000</b>     | <b>422.780</b>     | <b>495.190</b>     | <b>496.150</b>     | <b>514.020</b>     | <b>593.420</b>     |

## Fjárhagsáætlun fyrir efnahag Samstæðunnar árið 2024

|   | A-hluta sjóðir   |                  |                  |                  | Samstæðan        |                  |                  |                  |                  |
|---|------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|
|   | Áætlun<br>2021   | Áætlun<br>2022   | Áætlun<br>2023   | 2024             | Áætlun<br>2020   | Áætlun<br>2021   | Áætlun<br>2022   | Áætlun<br>2023   | 2024             |
| <b>Eignir</b>                               |                  |                  |                  |                  |                  |                  |                  |                  |                  |
| <b><u>Fastafjármunir</u></b>                |                  |                  |                  |                  |                  |                  |                  |                  |                  |
